Íslandsdeild Norðurlandaráðs 29. september 2017

F R Á SÖ G N

af fundum Norðurlandaráðs í Hörpu í Reykjavík 19.-20. september 2017.

Af hálfu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs sóttu fundinn þau Valgerður Gunnarsdóttir formaður, Steingrímur J. Sigfússon varaformaður, Jóna Sólveig Elínardóttir, Oddný G. Harðardóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Teitur Björn Einarsson, auk Helga Þorsteinssonar ritara. Silja Dögg Gunnarsdóttir varamaður leysti Sigurð Inga af á hluta fundanna.

Forsætisnefnd Norðurlandaráðs ræddi sameiginlega tillögu Finna og Íslendinga um að gera finnsku og íslensku að vinnutungumálum í Norðurlandaráði til jafns við skandinavísku málin, en sú tillaga hefur ítrekað verið til umfjöllunar á fundum nefndarinnar og mætt þar töluverðri andstöðu sænskra, norska og danskra þingmanna. Finnar og Íslendingar höfðu lagt fram málamiðlunartillögu þess efnis að tillagan yrði samþykkt en framkvæmd hennar yrði frestað í nokkur ár þannig að enginn kostnaður hlytist af fyrst um sinn. Meiri hluti fundarmanna vildi hafna því að skilgreina finnsku og íslensku sem vinnutungumál en bæta stöðu þeirra í starfi Norðurlandaráðs með því að auka þýðingar. Sumir þeirra bentu á að kanna þyrfti betur hugsanleg áhrif tillögunnar, t.d. varðandi tungumálakunnáttu starfsmanna á skrifstofu Norðurlandaráðs og kostnað almennt. Finnski þingmaðurinn Erkki Tuomioja sagði þá frestun á framkvæmdinni sem fælist í málamiðlunartillögunni gefa Norðurlandaráði tíma til að fara yfir alla hagnýta þætti. Svo fór að engin málamiðlunarlausn fannst og tillaga Íslendinga og Finna var felld með sex atkvæðum gegn fimm. Nokkra athygli vakti að forseti Norðurlandaráðs, Britt Lundberg, sem er þingmaður frá Álandseyjum, greiddi atkvæði gegn tillögunni. Finnsku og íslensku þingmennirnir gerðu sameiginlegan fyrirvara við niðurstöðu forsætisnefndar og málið kemur til umræðu og atkvæðagreiðslu á Norðurlandaráðsþingi sem haldið verður í Helsinki 31. október - 2. nóvember nk.

Á fundi forsætisnefndar var jafnframt samþykkt tillaga flokkahóps jafnaðarmanna um að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að leitast við að efla áhrif Norðurlanda á vettvangi G20-landanna í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins á Norðurlöndum.

Samþykktar voru fimm tillögur að breytingum á fjárhagsáætlun norræns samstarfs sem beint verður til Norrænu ráðherranefndarinnar. Tillögurnar ganga m.a. út það að vinna að banni gegn notkun svartolíu við siglingar á norðurslóðum, að láta gera úttekt á þeim ráðstöfunum sem Grænland, Danmörk, Ísland, Noregur og Færeyjar hafa gert á hafsvæðum á norðurslóðum til að auka siglingaöryggi, að finna leiðir til að draga úr lokun höfundaréttarvarins efnis eftir svæðum (geoblocking) á Norðurlöndum, sérstaklega efnis sem sýnt er á ríkissjónvarpsstöðvunum, og að efla samstarf Norðurlanda varðandi heilbrigðisþjónustu fyrir flóttabörn sem koma einsömul til landanna.

Samþykkt var áætlun um alþjóðastarf Norðurlandaráðs 2018-2020. Samkvæmt henni hyggst Norðurlandaráð m.a. beita sér fyrir því að sendiráð landanna verði í auknum mæli hýst í sameiginlegu húsnæði. Í alþjóðastarfinu hyggst Norðurlandaráð leggja sérstaka áherslu á svið þar sem Norðurlönd eru í fremstu röð, t.d. málefni barna, kvenna, kynferðislegra minnihlutahópa, fatlaðra og frumbyggja. Jafnframt var samþykkt samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um málefni norðurslóða fyrir tímabilið 2018-2021, en þar eru sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna höfð að leiðarljósi. Sigurður Ingi Jóhannsson var á fundinum kjörinn fulltrúi

Norðurlandaráðs í fastanefnd Þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC) á tímabilinu 2017-2019.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.norden.org.